

Retrierverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2008-2009

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 18. mars 2009 í
Sólheimakoti

Stjórn og nefndir

Stjórn	Veiðinefnd	Sýninganefnd	Básanefnd
Ástrós Gunnarsdóttir † Guðm. A. Guðmundsson Halldór Halldórsson Olgeir Gestsson Sigurður Magnússon	Gísli Unnsteinsson Hlynur Hjaltason Ingibergur Þorvaldsson Ingólfur Guðmundsson Guðjón Páll Sigurðsson Samúel Hermannsson Þorsteinn Birgisson Jóhann Kristinsson Sigurður Ben. Björnsson	Albert Gíslason Ólöf Ólafsdóttir María Birna Gunnarsdóttir Berglind Gestsdóttir Guðbjörg Guðmundsdóttir	Sigurður Ben. Björnsson Samúel Hermannsson Hlynur Hjaltason

†Ástrós Gunnarsdóttir féll frá í maí 2008.

Starfsemi

Á síðasta starfsári voru haldnir 9 stjórnarfundir og tveir almennir félagsfundir. Stjórn sendi fulltrúa á tvo af þremur fulltrúaráðsfundum HRFÍ.

Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust alls 6 pörunarbeiðnir á árinu og var þeim öllum svarað. Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2008 voru: Labrador 224 hvolpar úr 32 gotum og Golden voru það 22 hvolpar úr 3 gotum.

Innflutningur

Fluttir voru inn 6 Labrador Retriever, 6 Golden Retriever og 3 Flat-coated Retriever.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári og skipulagði og stóð að 8 veiðiprófum. Nefndin lagði til starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2009.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Tvær tegundir voru mjaðma- og olnbogamyndaðar á árinu.

Labrador

37 HD myndaðir: FRI: 27, HD: 10, 71% frí

38 ED myndaðir: FRI: 35, ED: 3, 92% frí

Labrador á lífi og HD myndaðir: **278, 71,9%** eru HD FRI.

Labrador á lífi og ED myndaðir: **241, 93,4%** eru ED FRI.

Golden

7 HD myndaðir: FRI: 5, HD: 2

6 ED myndaðir: FRI: 4, ED: 2

Golden á lífi og HD myndaðir: **75, 61,3%** eru HD FRI

Golden á lífi og ED myndaðir: **62, 72,6%** eru ED FRI

Augnskoðanir

Tvær augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu. Alls mættu 74 retrieverhundar; 60 Labrador, 13 Golden og 1 Flat-coated. Staðfest voru 4 tilfelli af arfgengu catarakt. Öll hjá Labrador. Ekkert nýtt tilfelli greindist í þeim tveimur skoðunum sem fram fóru á síðasta ári.

Reglur um ættbókarskráningu

Í byrjun árs 2008 fór ræktunarstjórn fram á það við stjórn HRFÍ að gerðar yrðu breytingar á reglugerð um skráningu hunda í ættbók. **Bætt var við að Golden skuli hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA.** Þar með var Golden Retriever bætt í hóp hinna þriggja tegundanna sem þetta gen hefur fundist hjá. Þessi breyting tók gildi 1. júní 2008.

DNA próf gagnvart PRA

Á árinu 2008 fóru 24 retrieverhundar í DNA próf gagnvart PRA.
13 Labradorhundar og greindust: Normal/Clear 11, Carrier 2.
11 Golden og greindust allir arfhreinir (N/C).

Frá 01.01.2005 til 31.12.2008 hafa 103 labradorhundar undirgengist PRA DNA próf.
Normal/Clear 85, Carrier 16, gPRA 2.

Alls eru 480 afkvæmi prófaðra hunda laus við þennan sjukdóm (N/C/P, Normal/Clear by parentage).

Sýningar

4 sýningar voru haldnar á starfsárinu, 3 á vegum félagsins og ein deildarsýning.
Alls voru sýndir 216 retrieverhundar á þessum sýningum.

Veiðipróf

8 veiðipróf voru haldin vegum deildarinnar á starfsárinu og voru alls 101 retrieverhundar skráðir í þessi próf (36 einstaklingar, 35 Labrador Retriever og 1 Flat-coated Retriever) og voru 16 nýir þátttakendur meðal þeirra. Frá upphafi veiðiprófa árið 1995 hafa 85 próf verið haldin og alls 857 skráningar (325 í BFL, 216 í OFL og 316 í ÚFL). Alls hafa 135 Labrador hundar tekið þátt, 5 Golden Retriever, 2 Chesapeake Bay og 1 Flat-coated.

Skapgerðarmat

Á starfsárinu hefur 1 retrieverhundur gengist undir skapgerðarmat.

Meistarar

Fimm Labradorar uppfylltu reglur Retrieverdeildar til meistaranafnbótar á árinu.

ISCH Carriegame Bridget – Eigandi: Karl Jóhann Bridde.

ISVCH Copperbirch Montanus – Eigandi: Sigurmon Marvin Hreinsson.

ISVCH Kolkuós Harpa – Eigandi: Sigurmon Marvin Hreinsson.

ISVCH Kolkuós Frú – Eigandi: Ingibergur G. Þorvaldsson.

ISVCH Kolkuós Gustur – Eigandi: Gylfi Rúnarsson.

Deildin óskar þeim til hamingju með árangurinn.

Námskeið

Í lok ársins 2008 hófu aðilar sem reka Retrieverskólann námskeiðahald fyrir retrieverhunda. Skólinn keypti auglýsingu á vefsvæði deildarinnar og fær jafnframt möguleika á vefskráningu á námskeið sín. Skráningar á námskeið eru einfaldar, þar sem hægt er að sækja upplýsingar um hunda í gagnagrunn deildarinnar. Þann 13. janúar var fyrsta námskeiðið haldið sem var Retriever-hlýðni. Þann 2. febrúar var annað Retriever-hlýðni námskeið og fyrstu vikuna í mars var svo byrjað með Retriever 1 og 2 námskeið.

Þeir aðilar sem standa að þessum skóla eru:

- ✓ Sigurður Ben. Björnsson
- ✓ Sigurður Magnússon
- ✓ Margrét Pétursdóttir
- ✓ Dagur Jónsson
- ✓ Halldór G. Björnsson
- ✓ Samúel Hermannsson
- ✓ Þorsteinn Birgisson
- ✓ Hlynur Hjaltason

Fagráð um ræktun Golden Retriever

Á almennum félagsfundi Retrieverdeildar 20. maí 2008 var samþykkt að stofna fagráð um ræktun Golden Retriever, ræktunarstjórn til ráðgjafar. Hópur áhugasamra um bætt vinnubrögð við ræktun Golden Retriever á Ísland mættu á fundinn og eftirfarandi aðilar buðu sig fram til setu í ráðinu og voru samhljóða samþykktir:

- ✓ Steinunn Guðjónsdóttir
- ✓ Sigríður Bílddal
- ✓ Guðni B. Guðnason
- ✓ Fjóla Björk Hauksdóttir
- ✓ Guðbjörg Guðmundsdóttir

Heimasíða

Retrieverdeildin heldur úti mjög öflugri heimasíðu sem er mikið heimsótt. Þar eru ýmsar upplýsingar aðgengilegar um starfsemi deildarinnar og ættbækur, heilsufar og árangur hundanna okkar. Síðasta ár hafa fundargerðir stjórnarfunda og almennra funda verið birtar til að auðvelda félagsmönnum að fylgjast með því sem er á döfinni. Í byrjun mars 2009 var útliti síðunnar breytt og uppsetning gerð sveigjanlegri, þannig að auðveldara er að setja inn undirsíður. Ráðgert er að innan skamms verði opnuð sérstök síða fyrir Golden Retriever Heimasíðustjóri okkar Olgeir Gestsson.

Lokaorð

Á vordögum féll Ástrós Gunnarsdóttir frá, langt um aldur fram. Hún var í stjórn deildarinnar samfelld frá 2003 til 2008, fyrstu tvö árin í varastjórn og síðan í aðalstjórn. Fyrir hönd stjórnar Retrieverdeildarinnar vil ég þakka Ástrósu samfylgdina og sendi aðstandendum hugheilar samúðarkveðjur. Á deildarsýningu í sumar var veittur í fyrsta sinn farandbikar til besta labradorhunds sýningar til minningar um Ástrósu. Sá sem bikarinn hlaut var Volcano 's Royal Affaire Extraordinaire sem er í eigu Marteins Stefánssonar.

Haddabikarinn, farandbikar sem veittur hefur verið síðastliðin 10 ár í minningu Haraldar Bjarnasonar, var afhentur í síðasta skipti á árinu. Sá sem bikarinn hlaut var ISVCH Kolkuós Frú sem er í eigu Ingibergs G. Þorvaldssonar. Eftirlifandi ekkju Haraldar verður síðan afhent bikarinn að gjöf nú um mitt ár 2009.

Eftirfarandi átta hundar hafa hlotið Haddabikarinn á veiðiprófum á Hunkubökkum:

- 1999 ISVCH Treckers Bouda – Stj. Sigumon M. Hreinsson.
- 2000 ISVCH Ýlir. – Stj. Óskar Guðmundsson.
- 2001 ISVCH Píla. – Stj. Sigurður Magnússon.
- 2002 ISVCH Kolkuós Hrafninn. – Stj. Hávar Sigurjónsson.
- 2003 ISVCH Kolkuós Björk. – Stj. Þuríður Elín Geirsdóttir.
- 2004 Kolkuós Tara Líf. – Stj. Ævar Valgeirsson.
- 2005 ISVCH Kolkuós Björk. – Stj. Þuríður Elín Geirsdóttir.
- 2006 ISVCH Kolkuós Frú. – Stj. Ingibergur G. Þorvaldsson.
- 2007 ISVCH Kolkuós Dr. Finnur. – Stj. Guðm. A. Guðmundsson.
- 2008 ISVCH Kolkuós Frú. – Stj. Ingibergur G. Þorvaldsson.

Mig langar að þakka þeim sem aðstoðuðu okkur á árinu við framkvæmd sýninga og veiðiprófa. Án ykkar hefði þetta ekki verið hægt. Einnig vil ég óska öllum þeim sem hafa náð góðum árangri með hunda sína á árinu til hamingju með ósk um áframhaldandi gott gengi.

Ég hef gegnt trúnaðarstöðu hjá þessari deild í nokkur ár og hefur það verið mjög ánægjulegur og gefandi tími. Ég vil koma að kærri þakklæti til þeirra sem ég hef unnið með undanfarin ár og vona að komandi ár verði deildinni gæfurík.

Olgeir Gestsson